



Inniklæðningar

INNK2HH05

Námáætlun – vor 2025

Kennari/ar: Óskar G. Jónsson og Hjalti Guðmundsson

Skammstöfun: ÓGJ og HG

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um létt byggingavirki innanhúss með áherslu á útfærslur og klæðningu veggja, lofta og gólfa. Gerð er grein fyrir uppsetningu einstakra grindar- og klæðningakerfa, efnisnotkun, festingum, einangrun, áhöldum, tækjum og vinnuaðferðum. Nemendur læra um smíði léttra innveggja úr blikkstoðum, klæðningu þeirra með gifsplötum, uppsetningu niðurhengdra kerfislofta og lagningu mismunandi parkets m.m. Sérstök áhersla er lögð á útfærslur og frágang á léttum byggingavirkjum í votrými. Í áfanganum er fjallað um einangrun, útveggja og lofta sem og frágang á rakavörn, einnig er fjallað um eldvaranrveggi og hljóðeinangrun húsa. Við förum einnig yfir frágang á timburútveggjum að utanverðu, hvernig við göngum frá vindvörn og möguleikum á mismunandi aðferðum við vindvörn og hvað við þurfum að varast. Kennslan er að mestu bókleg og hugsanlega verður farið í heimsóknir í fyrirtæki, stefnum að því.

Markmið er að nemendur:

- Viti hvernig á að einangra útveggi og loft timburmannvirkja
- Viti hvernig á að ganga frá rakavörn léttbyggðra húsa
- Viti hvernig á að ganga frá lagnagrind útveggja og lofta
- Viti og hafi skoðanir á því hvernig á að klæða loft út frá mismunandi klæðningarefnum
- Viti hvernig á að byggja upp timburveggi, einangra og klæða
- Viti hvernig á að byggja upp léttu veggja úr blikkstoðum, einangra og klæða
- Viti hvernig á að byggja upp léttu veggja í votrýmum
- Þekki til mismunandi kefisveggja og kerfislofta, smíði og uppsetningu
- Þekki efni, festingar, áhöld og tæki til smíði og uppsetningu veggja og lofta
- Þekki til gifs og annarra klæðningarefna
- Þekki reglur og leiðbeiningar um styrkleika, eldvarnir, hita- og rakaeinangrun
- Þekki helstu gerðir af gegnheilu og fljótandi parketi og eiginleika þeirra
- Þekki efni, áhöld og vinnuaðferðir við lagningu, slípun og yfirborðsmeðferð á nýju og eldra parketi
- Þekki öryggisreglur og öryggisbúnað

Námsefni:

Inniklæðningar og einangrun, kennslubækur sem stuðst er við. Verkefni frá kennara, ljósrit, leiðbeiningar framleiðanda, efni af neti o.fl. **Legg til að nemendur eignist bókina „Gifsplötur uppsetning veggja“.**

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Verkefni unnin í kennslutímum eða eftir því sem mælt er fyrir um vinnu og skil verkefna.

Vika	Dagsetning	Námsefni – viðfangsefni	Próf- verkefni
1 – 4	13 jan. til 31. janúar	Upphaf kynning. Lagt af stað með efni tengt inniklæðningum. 1. hluti	Sjá námsmat hér fyrir neðan.
5 – 8	03. feb. til 28. feb.	Gifsklæðningar - blikkstoðir og fylgihlutir Gifsplötur uppsetning veggja 2. hluti	ATH. bók -
9 - 12	03. mars Til 28. mars	Einangrun og kerfisloft 3. hluti	
13 - 17	31. mars til 11 apríl	Brunamál 4. hluti	
	12 apríl til 21 apríl	P Á S K A F R Í	
	22 apríl til 15 maí	Gólfefni upprijun 5. hluti	

Námsmat:

Krafa er gerð um góða mætingu, samvinnu og virka þátttöku í umræðum í áfanganum. Mikilvægi gagnkvæmra tjáskipta milli kennara og nemanda, tengt náminu og það sem við erum að fjalla um í hverjum tíma, skiptir miklu máli, þannig nálgumst við starf húsasmiðsins enn frekar. Samræðan eikur líkurnar á að við séum að skilja það sem við erum að fjalla um á sama hátt og nemandinn bætir vonandi enn frekar inn á þekkingu sína á námsefninu og því sem bíður í starfi húsasmiðsins.

Almennt skal skila verkefnum í Innu. Teikningar og efnislistar geta í sumum tilfellum verið skilað beint til kennara.

Almennt gilda skólareglur Fsu um námið eins og varaðndi mætingar og notkun á sínum í tímum.

Fyrirkomulag námsmats:

Þátttaka í tímum, rökræða	15 %	Allt tímabilið
Verkefni 1	10%	verkefni koma stöðugt inn
Verkefni 2	15%	tengjast því sem við erum
Verkefni 3	15 %	að fara yfir hverju sinni
Verkefni 4	15 %	Stundum teikningar
Verkefni 5	15 %	Stundum tillaga að útfærslu
Verkefni 6	15 %	rökræða út í gegn

Námsáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

ÓSKAR OG HJALTI